

Alþingi
Erindi nr. þ 127/459
komudagur 10.12.2001

Agust G. Agustsson

From: gudridur.thorsteinsdottir@htr.stjr.is
Sent: 10. desember 2001 11:50
To: Agust G. Agustsson
Subject: Sjúkrahótel

Sæll Ágúst

Við höfum kannað hvernig séð er fyrir ferðum sjúklinga á Rauðakrosshótelinu á sjúkrahús. Samkvæmt upplýsingum formanns stjórnar hótelsins sér Landspítali, háskólasjúkrahús fyrir nauðsynlegum akstri í bifreið sem spítalinn á og án kostnaðar fyrir sjúklinga. Farnar eru tvær ferðir á dag á Hringbraut og í Fossvog.

Dvöl á sjúkrahótelu hefur áhrif á niðurfellingu bóta skv. 5. mgr. 43. gr. laga um almannatryggingar.

Ég sendi þér samning LSH og RKÍ á faxi.

Hafðu samband ef það er eitthvað fleira.

Kveðja,

Guðríður

Guðríður Þorsteinsdóttir skrifstofustjóri lögfræðiskrifstofu Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Guðridur Thorsteinsdottir Head of Legal Department
Ministry of Health and Social Security
Laugavegi 116,
101 Reykjavík
Tel. 354 560 9700
Fax 354 5519165
e-mail: gudridur.thorsteinsdottir@htr.stjr.is

**HEILBRIGÐIS- OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ**

Laugavegur 116, 150 Reykjavík,

Sími: 560 9700, Bréfsími: 551 9165,

netfang: postur@htr.sjr.is

Símbréf

Móttakandi:	Alþingi, Ágúst Geir Ágústsson HTR	Sendandi:	Guðrífur Þorsteinsdóttir
Bréfasími:	5630430	Tilvísun:	HTR01120058/
Sent:	10. desember 2001	Fjöldi bls:	4
Efni:	Frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, upplýsingar og gögn		

Sæll Ágúst

Við höfum kannað hvernig séð er fyrir ferðum sjúklinga á Rauðakrosshótelinu á sjúkrahús. Samkvæmt upplýsingum formanns stjórnar hótelsins sér Landspítali, háskólasjúkrahús fyrir nauðsynlegum akstri í bifreið sem spítalinn á og án kostnaðar fyrir sjúklinga. Farnar eru tvær ferðir á dag á Hringbraut og í Fossvog.

Dvöl á sjúkrahótelu hefur áhrif á niðurfellingu bóta skv. 5. mgr. 43. gr. laga um almannatryggingar.

Hjálagður er samningur LSH og RKÍ.

Með kveðju,

Samningur milli Landspítala-háskólasjúkrahúss (LSH) og Rauða kross Íslands (RKÍ) um Sjúkrahótel við Rauðarárstíg

Aðilar þessa samnings taka á gildistíma hans upp aukið samstarf um rekstur Sjúkrahótelsins við Rauðarárstíg. Í samstarfinu felst tímabundin fjölgun gistirýma auk þess sem Landspítali - háskólasjúkrahús greiðir laun hjúkrunarfræðinga þannig að þjónusta hótelsins er styrkt enn frekar. Í samræmi við ofanritað gera aðilar með sér eftirfarandi samkomulag:

1. Gildistími samnings þessa er frá 1. nóvember 2000 til 31. október 2001.
2. Frá og með 1. nóvember 2000 til og með 31. mars 2001 verður gistirýmum sjúkrahótelsins fjölgað um 22 og verða þá alls 50 rými í boði. Frá 1. apríl 2001 til loka samnings verða 28 rými í boði.
3. LSH lætur í té og greiðir laun hjúkrunarfræðinga sem samsvara hið minnsta 2,4 stöðugildum á mánuði. Hjúkrunarfræðingar sjá um daglega stjórnun og skipulagningu starfs á sjúkrahótelinu. Í því felst m.a. að taka á móti beiðnum um gistirými og forgangsraða þeim, aðstoða hótelp gesti við að sækja heilbrigðisþjónustu og veita stuðning og hjúkrunarráðgjöf á staðnum.
4. Gestir sjúkrahótelsins eru á ábyrgð þess læknis sem sækir um vistun hvað lækni meðferð varðar. Stefnt skal að auknu samstarfi við göngudeildir og endurhæfingardeildir spítalans og að komið verði á reglubundnum ferðum á milli sjúkrahótelsins og spítalans.
5. Á gildistíma samningsins verður innheimt gjald, kr. 700.- pr. einstakling, á sólarhring vegna fæðiskostnaðar. RKÍ mun sjá um innheimtu gjaldsins.
6. Á samningstímanum munu aðilar samningsins vinna að því að tryggja áframhaldandi grundvöll fyrir rekstri sjúkrahótels með aukinni þjónustu hjúkrunarfræðinga svo og vinna að því að unnt verði að fjölga rýmum til framtíðar.
7. Aðilar samningsins eru sammála um að taka forsendur hans til endurskoðunar þremur mánuðum eftir gildistöku hans. Sjá fylgiskjal.

Reykjavík, 29. nóvember 2000

F.h. Rauða kross Íslands:

F.h. Landspítala-háskólasjúkrahúss:

Sigrún Arnadóttir
framkvæmdastjóri

Anna Stefánsdóttir
hjúkrunarforstjóri

Gunnhildur Sigurðardóttir
formaður stjórnar sjúkrahótelsins

Magnús Pétursson
forstjóri

Fylgiskjal með samningi milli Rauða kross Íslands og Landspítala-háskólasjúkrahúss

Fjárhagslegar forsendur vegna breytingar á 3. hæð Fosahótelis í sjúkrahótel frá 1/11 2000-31/3 2001.

Kostnaður við sjúkrahótel í fimm mánuði				12.100.000	
Kostnaður við fullt fæði á 3. hæð í fjóra mánuði	121	22	1570	4.179.340	
Kostnaður vegna sjúkrahótelis í fimm mánuði				16.279.340	16.279.340

Á móti koma:

Tekjur				Nýting 90%	Nýting 85%
	dagar	herbergi	verð á dag		
Innheimta á fæði miðað við 90% nýtingu 4. hæðar	351	28	700	6.879.600	
Innheimta á fæði miðað við 90% nýtingu 3. hæðar	109	22	700	1.678.600	
Innheimta á fæði miðað við 85% nýtingu 4. hæðar	331	28	700		6.487.600
Innheimta á fæði miðað við 85% nýtingu 3. hæðar	103	22	700		1.586.200
Samtals tekjur				6.558.200	8.073.800
Lækkun v/ niðurfellingar launa læknis og forstöðukonu				4.900.000	4.000.000
Samtals tekjur og lækkun kostnaðar				13.458.200	12.873.800
			Áætluð fjárvöntun	2.821.140	3.305.540

Í samræmi við þessa áætlun mun Landspítali-háskólasjúkrahús greiða til Rauða kross Íslands vegna reketrar Sjúkrahótelisins upphæð kr. 2.821,140.- að lágmarki og kr. 3.305,540.- að hámarki. Gehgið skal frá greiðslu í síðasta lagi 1. maí árið 2001.

2,4 Stofurjelchi
mánuði